

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 105/2014**

105-2014i

frá 16. maí 2014

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 912/2013 frá 23. september 2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um mennta- og starfsmenntakerfi <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 912/2013 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2011 <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 18wb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2011) í XXI. viðauka við EES-samninginn hljóði svo:

„**32013 R 0912**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 912/2013 frá 23. september 2013 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um mennta- og starfsmenntakerfi (Stjtið. ESB L 252, 24.9.2013, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 912/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 252, 24.9.2013, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.